



Bæjarstjórn Árborgar  
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

Selfossi, 20. apríl 2020

**Efni: Ósk um samstarf vegna tekjufalls meistaraflokka Umf. Selfoss vegna Covid-19.**

Ágæta bæjarstjórn

Framkvæmdastjórn Ungmennafélags Selfoss hefur þungar áhyggjur af áhrifum heimsfaraldursins sem nú geisar og þau áhrif sem hann hefur á starfsemi, þjónustu og rekstur félagsins.

Deildir félagsins brugðust skjótt við takmörkunum á samkomum, skólahaldi og skipulögðu íþróttastarfi þann 16. mars 2020. Þannig hafa þær frá 23. mars veitt yngri iðkendum þjónustu í formi fjarþjálfunar til að koma til móts við iðkendur í samkomubanni og fyrirhugað er að lengja æfingatímabil eftir því sem kostur er. Nánari útfærsla hjá hverri deild fyrir sig verður kynnt fyrir 4. maí nk.

Er þetta gert í samræmi við leiðbeiningar íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og tók aðalstjórn Umf. Selfoss þá ákvörðun að fylgja ráðgjöfinni einnig varðandi endurgreiðslu æfingagjalda en orðrétt segir í sameiginlegri tilkynningu frá ÍSÍ og UMFÍ „þessar aðstæður sem nú eru uppi [eru] dæmi um ytri atvik sem ekki voru fyrir séð og ekki unnt að koma í veg fyrir. Sú staðreynd að íþróttafélög geta ekki veitt þjónustu sína telst því almennt ekki vanefnd gagnvart iðkendum. Iðkendur geta því ekki krafist þess að æfingar fari fram með hefðbundnu sniði né krafist skaðabóta vegna þess að æfingar hafa fallið niður. Hins vegar þarf að koma til móts við iðkendur vegna þess tímabils sem æfingar liggja niðri.“

Frá upphafi hefur verið unnið út frá þeim einlæga vilja félagsins að sinna hlutverki sínu í samfélaginu gagnvart íbúum Árborgar og nágrennis.

Í því samhengi er bent á bréf sem bæjaryfirvöldum barst frá ÍSÍ þann 1. apríl sl.  
[http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Bref/Bref\\_sveitarfelog\\_COVID19.pdf](http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Bref/Bref_sveitarfelog_COVID19.pdf)

Vill framkvæmdastjórn Umf. Selfoss koma á framfæri þakklæti til bæjarstjórnar Árborgar fyrir tímabundna hækkun á fristundastyrk sveitarfélagsins sem samþykkt var 2. apríl sl. Telur framkvæmdastjórn samþykktina mikilvægt framlag til að félagið geti haldið uppi öflugum félagsstarfi, haldið vel utan um sína hópa og verið í sambandi við iðkendur og hvetja þá til virkni og hreyfingar eftir því sem við á.

Rétt er að geta þess að til að lækka kostnað hafa deildir nýtt sem kostur er hlutastarfaleið ríkisstjórnar Íslands en þar sem flestir þjálfarar yngri flokka sinna þjálfun sem aukastarfi meðfram fullri vinnu hefur leiðin nýst deildum misvel.



## Ungmennafélag Selfoss

### Erfið staða meistaraflokka Selfoss

Gríðarleg óvissa er um tekjur meistaraflokka handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar á þessum erfiðu tímum sem ganga yfir núna. Keppnistímabilið í handknattleik var að ná hámarki sínu þegar samkomubann skall á og keppnistímabilið í knattspyrnu handan við hornið. Stærstur hluti tekna meistaraflokka eru tengdar keppnistímabilinu á meðan kostnaður m.a. vegna launa þjálfara fellur til reglulega allt árið.

Í minnisblöðum frá handknattleiksdeild og knattspyrnudeild sem fylgja erindinu er farið nánar yfir tekjutap hvorrar deildar fyrir sig. **Tekið skal fram að allar fjárhæðir sem koma fram er hægt að sannreyna í bókhaldi deildanna undanfarin ár.**

### Samantekt

Það þarf ekki að lýsa þeim gríðarlega jákvæðu samfélagslegu áhrifum sem öflugir meistaraflokkar hafa á bæjarbraginn í Árborg fyrir þeim sem upplifðu þá stemmingu og samheldni sem myndaðist í sveitarfélaginu þegar *bikarinn kom tvívegis yfir brúna* á seinasta ári. Öflugir og vel reknir meistaraflokkar með fyrirmyndum fyrir yngri kynslóðina eru ómetanlegir hverju samfélagi sem vill eflast og vaxa. Starfsemi meistaraflokka á Selfossi hefur verið rekinn af metnaði, útsjónarsemi og ráðdeild seinustu ár en nú blasir því miður við að utanaðkomandi aðstæður hrekja rekstur meistaraflokka Selfoss að bjargbrúninni.

Skipta má tekjutapi deildanna upp í tvo flokka, annars vegar tapaður hagnaður sem deildirnar verða fyrir vegna seinkunnar/aflýsingar á leikjum, mótum og öðrum viðburðum sem m.a. eru haldin í glæsilegum mannvirkjum Sveitarfélagsins Árborgar. Hins vegar framtíðar tekjutap sem deildirnar verða fyrir minni hagnaður af árlegum fjáröflunum m.a. sölu auglýsinga til styrktaraðila.

Eins og fyrr var getið hafa deildir reynt sem kostur er að lækka kostnað með því að nýta hlutastarfaleið ríkisstjórnar Íslands auk þess sem bundnar eru vonir við að 500 milljóna króna framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis til íþróttá- og æskulýðsstarfs til að mæta áhrifum COVID-19 bæti að einhverju leyti tjón deildanna. Nú er að störfum vinnuhópur skipaður af framkvæmdastjórn ÍSÍ 25. mars sl. sem vinnur að útfærslum varðandi skiptingu þess fjár.

Samhliða þessu verður allra leiða leitað til að draga úr kostnaði við rekstur meistaraflokka.

**Tapaður hagnaður sem handknattleiksdeildin stendur frammi fyrir, miðað við raunsætt mat á stöðunni í apríl og byggt á reynslu og uppgjörum síðustu ára er þegar orðinn 13,3 milljónir króna á yfirstandandi keppnistímabili og varlega áætlað má gera ráð fyrir að tapaður hagnaður næst keppnistímabils geti orðið á bilinu 14-16 milljónir króna.**

**Tapaður hagnaður sem knattspyrnudeildin stendur frammi fyrir, miðað við líklegt mat á stöðunni í apríl og byggt á reynslu og uppgjörum síðustu ára er 15,1 milljón króna á almanaksárinu.**



## Ungmennafélag Selfoss

Í ljósi þess sem að framan er getið óskar Ungmennafélag Selfoss eftir samtali við bæjarstjórn Árborgar um samstarf til að mæta tekjufalli meistaraflokka félagsins sem ekki verður metið á minna en 42,5 milljónir króna miðað við líklega spá.

Virðingarfyllst  
f. h. Ungmennafélags Selfoss

Gissur Jónsson

Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri